

## **Fundur stýrihóps um heilsueflandi samfélag haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar 11. október 2018 kl.15:30.**

Mætt: Gunnlaugur A. Júlíusson, Silja E. Steingrímisdóttir, Íris Grönfeldt, Elísabet Halldórsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Guðrún María Harðardóttir, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Ragnar Frank. Fundargerð ritaði Anna Magnea Hreinsdóttir.

Dagskrá:

### **1. Staða verkefna**

Farið yfir áfangaskýrslu frá árinu 2017 og það sem helst hefur verið gert á þessu ári. Lögðu fundarmenn áherslu á að huga að dreifbýli jafnt sem þéttbýli í störfum starfshópsins. Rætt var um hvernig helst sé hægt að ná til fólks. Virkja þarf ungmennasamtök, kóra, spilakvöld, þrjónakvöld, kvæðakvöld, íbúasamtök og þá viðburði sem þegar eru í gangi í Borgarbyggð með t.d. fræðslu.

### **2. Verkefni framundan**

- Rætt um að safna saman upplýsingum um framboð á hreyfingu í Borgarbyggð og hvar/hvenær æfingar eru haldnar. Sigurður Guðmundsson tók að sér að safna saman upplýsingum og gera þær aðgengilegar.
- Einnig var talað um að merkja gönguleiðir í sveitarfélaginu og gera þær aðgengilegar t.d. með skiltum.
- Lista upp reiðleiðum
- Merkja gönguleið í Einkunum
- Hvetja til að ganga og hjóla í skólann í þéttbýli, <http://hjolumiskolann.is/>
- Koma þurfi upp göngustígum í þéttbýli
- Halda fræðslukvöld og fyrirlestra um áherslur heilsueflandi samfélags
- Koma á heilsufarsmælingum í stofnunum Borgarbyggðar
- Koma á heilsufarsmælingum í félagsstarfi aldraðra
- Hvetja fyrirtæki til heilsueflingar
- Halda fyrirlestur um svefn og fræða nemendur í skólum um mikilvægi svefns
- Fræðsla um jákvæð samskipti
- Vekja athygli á Hreyfiviku UMFÍ í maí, <https://iceland.moveweek.eu/>
- Lýðheilsugöngur FI í september, <http://lydheilsa.fi.is/>
- Koma á Vatnagönguleið og auglýsa hana
- Hvetja íbúa Borgarbyggðar á facebook síðu heilsueflandi Borgarbyggðar
- Halda uppeldisnámskeið fyrir foreldra
- Senda út leiðbeiningar um nesti í Grunnskólanum í Borgarnesi
- Efla hátíðina íþróttamaður Borgarbyggðar og halda t.d. fræðslu samhliða

Fleira ekki gert. AMH

Fundi slitið kl.17:00